



Borgarráð

Fulltrúaráð hjúkrunarheimilisins Skjóls - tilnefning

Lagt er til að borgarráð samþykki eftirfarandi tilnefningar á nýjum fulltrúum fyrir hönd Reykjavíkurborgar í fulltrúaráði hjúkrunarheimilisins Skjóls en næsti fundur fulltrúaráðs verður þann 25. maí nk.:

Aðalmenn:

Rannveig Einarsdóttir
Anna Sigrún Baldursdóttir
Unnur Þöll Benediktsdóttir

Varamenn:

Alexandra Briem
Þórhildur Egilsdóttir

Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri

Hjálagt:

Fundarboð á vofund fulltrúaráðs Skjóls 25. maí 2023.

Skipulagsskrá Skjóls, upphafleg útgáfa 1985.

Drög vinnuhóps stofnaðila að nýrri skipulagsskrá fyrir Skjól hjúkrunarheimili.



Vorfundur fulltrúaráðs Skjóls verður 25. maí 2023, kl. 14:00

Fundarstaður : Skjól hjúkrunarheimili
Kleppsvegi 64, 104 Reykjavík

Reykjavík 12. maí 2023.

Fulltrúaráð Skjóls hafði boðað til vorfundar í samræmi við skipulagsskrá, miðvikudaginn 17. maí nk.

Vegna aðstæðna er þörf á að fresta þeim fundartíma fram til fimmtudagsins 25. maí 2023 kl. 14:00.

Fundarstaður verður áfram: Samkomusalur Skjóls hjúkrunarheimili, Kleppsvegi 64, 104 Reykjavík.

Dagskrá fundarins verður áfram:

1. Fundarsetning, skipan fundarstjóra og fundarritara
2. Ávarp stjórnarformanns
3. Ársreikningur 2022
4. Rekstur og horfur - Sigurður Rúnar Sigurjónsson forstjóri
5. Tillaga um breytingar á skipulagsskrá stofnunarinnar
6. Ákvörðun um stjórnarþóknun
7. Önnur mál löglega upp borin

Virðingarfyllst,

Halldóra Ólafsdóttir, formaður fulltrúaráðs og formaður stjórnar Skjóls

Fylgigögn fundarboðs:

Drög vinnuhóps stofnaðila að nýrri skipulagsskrá fyrir Skjól hjúkrunarheimili

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir umönnunar- og hjúkrunarheimilið Skjól að Laugarási í Reykjavík, útgefin á venjulegan hátt, að mandatum, af dómsmálaráðherra 11. júlí 1985. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir umönnunar- og hjúkrunarheimilið Skjól að Laugarási í Reykjavík.

1. gr.

Neðanskráð félagssamtök og stofnanir stofna hér með sjálfseignarstofnun sem ber nafnið Skjól: Alþýðusamband Íslands Fulltrúaráð Sjómannadagsins í Reykjavík og Hafnarfirði Reykjavíkurborg Samband lífeyrisþega ríkis og bæja Stéttarsamband bænda Þjóðkirkja Eignir stofnunarinnar eru þau framlög í reiðufé eða öðrum verðmætum, sem berast og safnað verður til byggingar umönnunar- og hjúkrunarheimilis fyrir aldraða. Skuldir eru engar. Stofnendur bera engar fjárhagslegar skuldbindingar vegna sjálfseignarstofnunarinnar. Heimili og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Markmið og hlutverk stofnunarinnar er: að reisa og reka heimili, er veiti öldruðum umönnun og hjúkrun. Markmiði þessu hyggst stofnunin ná með því að afla fjár meðal einstaklinga, fyrirtækja, samtaka og stofnana, að leita eftir framlagi úr hendi stjórnvalda, sbr. lög um málefni aldraðra (nr. 91/1983) svo og samkv. öðrum lagaákvæðum eða fyrirmælum opinberra stjórnvalda.

Um fulltrúaráð:

3. gr.

Hver stofnandi velur 3 menn til 4 ára setu í fulltrúaráði, sem fer með stjórn stofnunarinnar. Kjör fulltrúa skal fara fram á lögsmætum fundi aðila, enda sé kosninga getið í fundarboði. Kjósa skal tvo varamenn með sama hætti. Taki varamaður sæti aðalmanns á kjörtímabilinu skal velja mann í hans stað, þannig að hver aðili fulltrúaráðsins haldi jafnan fullri tölu aðal- og varamanna. Fundi fulltrúaráðs skal boða með ábyrgðarbréfi, og með a.m.k. viku fyrirvara. Fundur er lögsmætur sé löglega til hans boðað.

4. gr.

Hlutverk fulltrúaráðs er: að fylgjast með rekstri stofnunarinnar og vera tengiliður milli stjórnar hennar og stofnenda, að kjósa stórn og endurskoðendur stofnunarinnar, að setja stofnuninni þær reglur sem nauðsyn krefur. Til að sinna hluverki sínu skal ráðið koma saman eigi sjaldnar en tvisvar á ári. Skal þá fara yfir skýrslur stjórnar og forstjóra um rekstur stofnunarinnar, fjárreiður og önnur þau atriði, er snerta rekstur hennar sem og önnur þau umsvif, sem nauðsynleg reynast.

Um stjórn:

5. gr.

Stjórn stofnunarinnar skal skipuð 5 mönnum og jafnmörgum til vara. Ávallt skal boða varamenn til stjórnarfunda, og hafa þeir málfrelsi og tillögurétt. Kjörtímabil stjórnar skal vera 4 ár. Formann skal kjósa sérstaklega, enda er hann jafnframt formaður fulltrúaráðsins og boðar fundi þess. Meðstjórnendur skal kjósa í einu lagi svo og varamenn. Skylt er að kalla fulltrúaráðið til fundar ef tveir stofnendur óska þess eða endurskoðendur gera um það tillögu. Á fyrsta fundi eftir stórnarkjör skal skipta verkum meðal

stjórnarmanna, þ.e. kjósa varaformann og í önnur embætti eftir því sem rétt þykir. Forfallist formaður tekur varaformaður sæti hans.

6. gr.

Stjórn fulltrúaráðsins fer með fjármál stofnunarinnar og annast framkvæmdir hennar, ræður m.a. forstjóra, hjúkrunarforstjóra, lækni og annað starfsfólk eftir því sem hentar þykir. Stjórnin ræður löggiltan endurskoðanda í samráði við kjörna endurskoðendur. Árlega skal gera rekstrar- og efnahagsreikning stofnunarinnar sem kjörnir endurskoðendur skulu yfirfara og árita ásamt stjórninni. Þannig frágengnir skulu reikningar lagðir fyrir fulltrúaráðið til úrskurðar ásamt greinargerð hins löggilta endurskoðanda. Fulltrúaráðsmenn skulu kynna reikningana umbjóðendum sínum. Eintak reikninganna skal sent heilbrigðismálaráðuneytinu. Stjórninni er óheimilt að binda eignir stofnunarinnar veðböndum eða skuldbindingum, sem eru óviðkomandi tilgangi hennar. Sömuleiðis er óheimilt að selja eða láta af hendi eignir stofnunarinnar hverju nafni sem nefnast, nema þeim verði varið til að halda áram samskonar rekstri. Stjórninni er skylt að ávaxta fjármuni stofnunarinnar á þann hagkvæmasta hátt sem býðst á hverjum tíma, enda sér ríkisábyrgð fyrir sparifé og/eða verðbréfum.

Um vistun:

7. gr.

Óski einhver aðili að tryggja vistrými fyrir aldraða félaga sína með því að greiða stofnkostnað slíks rýmis, skal stjórnin gera um það sérsamning við hlutaðeigandi aðila. Þeir einir skulu vistaðir sem uppfylla skilyrði laga og reglugerða um vistun. Stjórn heimilisins ákveður vistun að fenginni umsögn forstóra, læknis og hjúkrunarforstjóra.

Starfsemi er hætt:

8. gr.

Telji fulltrúaráðið sér ekki fært að annast rekstur heimilisins áfram, skal hverjum einstökum stofnaðila gefinn kostur á að taka við því og rekstri þess, enda verði hlutverk þess óbreytt. Að þeim frágengnum fellur heimilið með öllum eignum þess til ríkisins með þeirri kvöð að það verði áfram rekið í þjónustu aldraðra.

9. gr.

Heimilt er að fjölga aðilum með samþykki allra stofnenda. Hætti einhver aðili stofnunarinnar störfum fækkar fulltrúum í fulltrúaráðinu að rétti tiltölu.

Breyting á skipulagsskrá:

10. gr.

Skipulagsskrá þessari verður ekki breytt nema atkvæði allra fulltrúaráðsmanna falli á þann veg, enda hljóti breytingin staðfestingu réttbærra yfirvalda. Þannig staðfestist á stofnfundi sjálfseignarstofnunarinnar 17. apríl 198

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir umönnunar- og hjúkrunarheimilið Skjól að Laugarási í Reykjavík

I KAFLI

Stofnendur – markmið – stofnfé

1. gr.

Nafn sjálfseignarstofnunarinnar er Skjól. Skjól er umönnunar – og hjúkrunarheimili. Heimilisfang og varnarþing hennar er að Kleppsvegi 64, Reykjavík. Stofnunin heyrir undir lög nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

Stofnaðilar eru eftirfarandi:

Alþýðusamband Íslands
Sjómannadagsráð höfuðborgarsvæðisins
Reykjavíkurborg
Samband lífeyrisþega ríkis og bæja
Bændasamtök Íslands
Þjóðkirkja

Stofnfé Skjóls skal haldast óskert og ávaxtað í samræmi við markmið stofnunarinnar.

Aðilar sem eiga fulltrúa í fulltrúaráði stofnunarinnar bera engar fjárhagslegar skuldbindingar vegna sjálfseignarstofnunarinnar, aðrar en þær sem ákveðnar verða í sérstökum samstarfssamningum, sbr. 11. gr.

Öllum fjármunum og fjármagni stofnunarinnar og dóttureininga hennar, svo sem rekstrarafgangi, gjöfum, arði o.s.frv., skal eingöngu ráðstafað samkvæmt markmiðum Skjóls.

2. gr.

Markmið og hlutverk Skjóls er að veita umönnun, hjúkrun og aðra skylda þjónustu, meðal annars með því að reisa og reka hjúkrunarheimili, dagdeildir, þjónustuíbúðir og íbúðir, beint eða í dóttureiningum. Öll starfsemi Skjóls og dóttureininga skal fylgja fyllstu gæðakröfum og einkennast af virðingu, lipurð, umhyggju og hlýju.

Markmiðum þessum skal meðal annars ná með því:

- a) að leita eftir fjárframlagi/fjárframlögum frá stjórnvöldum,
- b) að afla fjár meðal einstaklinga, fyrirtækja, samtaka og stofnana,
- c) að leita eftir samstarfssamningum, sbr. 11. gr. skipulagsskrár þessarar.

Stjórn Skjóls er heimilt að láta reisa, kaupa, selja eða leigja eignir og rekstrarþætti ef það er mat stjórnar að þannig sé hagsmunum skjólstæðinga hennar best borgið, enda séu uppfyllt ákvæði 5. gr. laga nr. 19/1988.

Stjórn Skjóls er heimilt að stofna og reka dóttureiningar, einkahlutafélög, hlutafélög, samlagshlutafélög o.þ.h., sem standi að skilgreindum og sérgreindum rekstri og ábyrgð á tilteknum eignum eða rekstrarþáttum, með kennitölu o.s.frv., í samræmi við markmið Skjóls og til nauðsynlegrar aðgreiningar vegna opinbers stuðnings.

II. KAFLI

Fulltrúaráð

3. gr.

Hver stofnandi velur 3 menn til 4 ára setu í fulltrúaráði, sem fer með stjórn stofnunarinnar. Kjör fulltrúa skal fara fram á lögmatum fundi aðila, enda sé kosninga getið í

fundarboði. Kjósa skal tvo varamenn með sama hætti. Taki varamaður sæti aðalmanns á kjörtímabilinu skal velja mann í hans stað, þannig að hver aðili fulltrúaráðsins haldi jafnan fullri tölu aðal- og varamanna. Fundi fulltrúaráðs skal boða með rafrænum eða öðrum sannanlegum hætti, og með tveggja vikna fyrirvara. Fundur er lögmætur sé löglega til hans boðað.

Hlutverk fulltrúaráðs er:

- a) að fylgjast með rekstri stofnunarinnar og vera tengiliður milli stjórnar hennar og stofnenda,
- b) að kjósa stjórn og löggiltan endurskoðanda,
- c) að setja stofnuninni þær reglur sem nauðsyn krefur,
- d) að ákvarða þóknun stjórnar.

4. gr.

Fundir fulltrúaráðsins skulu vera a.m.k. tveir á ári, aðalfundur fyrir maílok og haustfundur.

Aukafund skal halda samkvæmt ákvörðun stjórnar eða að kröfu meirihluta fulltrúaráðs. Jafnframt er skylt að halda aukafund ef tveir aðilar að stofnuninni óska þess eða ef endurskoðandi stofnunarinnar fer þess á leit.

Fulltrúaráðið kýs sér formann til fjögurra ára. Ásamt stjórn undirbýr hann og boðar fulltrúaráðsfundi. Stjórn annast framfylgju samþykktu fulltrúaráðs.

Einfaldur meirihluti ræður úrslitum mála á fulltrúaráðsfundum, nema lög og skipulagsskrá þessi kveði á um annað. Falli atkvæði jöfn í kosningu ræður hlutkesti úrslitum. Fundir fulltrúaráðsins eru lögmætir ef meira en helmingur fulltrúaráðsmanna er viðstaddur.

Hver fulltrúi á rétt á að fá ákveðið mál tekið til meðferðar á fulltrúaráðsfundi ef hann gerir skriflega kröfu um það til stjórnar með viku fyrirvara.

5. gr.

Dagskrá aðalfundar skal jafnan vera:

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi stofnunarinnar á liðnu starfsári,
2. Endurskoðaður áritaður ársreikningur, umsögn skoðunarmanna og samþykkt ársreiknings, svo og kynning ársreikninga dóttureininga (ef við á),
3. Ákvörðun um stjórnarþóknun,
4. Tillögur um breytingar á skipulagsskrá stofnunarinnar, löglega upp bornar, sbr. 16. gr.,
5. Kosning stjórnar ef við á, sbr. 6. gr.,
6. Kosning endurskoðanda, ef við á, sbr. 3. gr.,
7. Önnur mál, löglega upp borin.

III KAFLI

Stjórn - forstjóri

6. gr.

Stjórn Skjóls skal skipuð 5 mönnum og jafnmörgum til vara. Kjörtímabil stjórnarmanna skal vera 4 ár. Formann stjórnar og varaformann skal kjósa sérstaklega. Formaður fulltrúaráðs er jafnframt formaður stjórnar, sbr. 4. gr.

Formann og varaformann stjórnar skal kjósa á sama aðalfundi, en þrjá meðstjórnendur og fimm varamenn skal kjósa á aðalfundi tveimur árum síðar. Meðstjórnendur skal kjósa í einu lagi, sem og varamenn. Varamenn skulu taldir upp í þeirri röð sem þeir myndu taka sæti í stjórn.

7. gr.

Stjórn Skjóls fer með fjármál stofnunarinnar, annast framkvæmdir hennar og ræður forstjóra. Árlega skal gera rekstrar- og efnahagsreikning stofnunarinnar sem kjörnir

endurskoðendur skulu yfirfara og árita ásamt stjórninni. Þannig frágengnir skulu reikningar lagðir fyrir fulltrúaráðið til skoðunar ásamt greinargerð hins löggilta endurskoðanda. Fulltrúaráðsmenn skulu kynna reikningana umbjóðendum sínum.

Stjórninni er óheimilt að binda eignir stofnunarinnar veðböndum eða skuldbindingum, sem eru óviðkomandi tilgangi hennar. Sömuleiðis er óheimilt að selja eða láta af hendi eignir stofnunarinnar hverju nafni sem nefnast, nema þeim verði varið til að halda áfram samskonar rekstri. Stjórn skal ávaxta fjármuni stofnunarinnar á sem hagkvæmastan og öruggastan hátt.

8. gr.

Stjórn Skjóls skal funda reglulega og skulu fundir skráðir með öruggum hætti í gerðabók eða með rafrænum hætti. Formaður og forstjóri annast fundaboðun. Formanni stjórnar er skylt að halda stjórnarfund ef einhver stjórnarmanna fer þess á leit.

Stjórnin telst ályktunarbær þegar meirihluti stjórnarmanna sækir fund. Mikilvægar ákvarðanir má þó ekki taka nema allir stjórnarmenn hafi fjallað um málið, enda hafi þess verið kostur.

Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum á stjórnarfundum. Atkvæði formanns ræður úrslitum falli atkvæði jöfn.

9.gr.

Forstjóri Skjóls annast daglegan rekstur stofnunarinnar og skal fara eftir þeirri stefnu og fyrirmælum sem stjórnin setur honum. Óvenjulegar, mikilvægar og stefnumarkandi ákvarðanir skal ævinlega leggja fyrir stjórn til ákvörðunar. Stjórn skal samþykkja skipurit stofnunarinnar og setja verklagsreglur, siðareglur og aðrar starfsreglur fyrir stjórn. Forstjóri skal sitja stjórnarfund, nema annað sé sérstaklega ákveðið, og hefur hann þar málfrælsi og tillögurétt.

Forstjóri eða aðrir starfsmenn í umboði hans ráða annað starfsfólk og gera ráðningarsamninga.

IV KAFLI

Reikningsár og endurskoðun

10.gr.

Starfsár og reikningsár Skjóls er almanaksárið. Á hverju ári skal semja ársreikning og skal stjórnin hafa lokið gerð hans eigi síðar en fjórum vikum fyrir aðalfund. Ársreikningurinn skal endurskoðaður í samræmi við góða endurskoðunarvenju, þ.m.t. bókhaldsgögn og aðrir þættir er varða rekstur Skjóls og fjárhagsstöðu.

V KAFLI

Samstarfssamningar og þjónusta

11.gr.

Stjórn Skjóls hefur umboð til að gera samninga um þjónustu og samstarf við aðrar stofnanir og aðila enda séu slíkir samningar í samræmi við markmið Skjóls, lög og aðrar opinberar heimildir.

12.gr.

Stjórn Skjóls ákveður hvernig tilhögun þjónustu og búsetu skuli háttað og setur reglur þar um í samræmi við opinberar reglur og heimildir. Þeir einir koma inn til dvalar í hjúkrunarrými sem uppfylla skilyrði laga og reglugerða þar um.

VI KAFLI

Slit stofnunarinnar

13. gr.

Telji fulltrúaráð Skjóls sér ekki fært að annast rekstur stofnunarinnar eða hluta hennar áfram, skal hverjum stofnaðila gefinn kostur á að taka við rekstrinum enda verði hlutverk og markmið stofnunarinnar óbreytt. Að þeim frágengnum fellur stofnunin með öllum eignum hennar til ríkisins, ef ekki er kveðið á um annað í sérstökum samningum, með þeirri kvöð að hún verði áfram nýtt í þágu sömu markmiða.

Verði eignum og rekstri Skjóls að öllu leyti ráðstafað frá sjálfseignarstofnuninni Skjóls skal stofnuninni formlega slitið.

VII KAFLI

Heimild til að skuldbinda stofnunina

14. gr.

Undirskrift meirihluta stjórnarmanna skuldbindur stofnunina.

15.gr.

Stjórn stofnunarinnar veitir prókúruumboð.

VIII KAFLI

Skipulagsskrá

16. gr.

Skipulagsskrá þessari verður ekki breytt nema atkvæði 2/3 viðstaddra fulltrúaráðsmanna á lögmætum fulltrúaráðsfundi falli á þann veg, enda hljóti breytingin staðfestingu lögbærra yfirvalda.

Tillögur um breytingar á skipulagsskrá skulu hafa borist stjórn stofnunarinnar eigi síðar en þremur vikum fyrir fulltrúaráðsfund. Tillögur skulu sendar fulltrúaráðsmönnum með fundarboði. Fulltrúaráðsfundur getur samþykkt að heimila umfjöllun og afgreiðslu á breytingartillögu við útsenda tillögu.

17. gr.

Skipulagsskrá þessi kemur í stað skipulagsskrár fyrir stofnunina sem staðfest var upphaflega 17. apríl 1985. Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Sauðárkróki á skipulagsskrá þessari, en að staðfestingu fenginni fellur eldri skipulagsskrá úr gildi.

Samþykkt á fulltrúaráðsfundi sjálfseignarstofnunarinnar Skjóls _____
2023.

18. gr. – til bráðabirgða

Með hliðsjón af breytingum á ákvæðum varðandi kosningu til stjórnar, skal kosning formanns og varaformanns stjórnar eiga sér stað á aðalfundi Skjóls árið 2025. Kosning meðstjórnenda og varamanna skal einnig eiga sér stað á þeim fundi, þrátt fyrir ákvæði 6. gr., en kjörtímabil meðstjórnenda og varamanna skal vera tvö ár í það sinnið, til ársins 2027, þegar ný kosningarákvæði skipulagsskrár þessarar taka þá gildi að fullu og öllu leyti.¹

¹ Í kjölfarið mun kosning formanns og varaformanns þá eiga sér aftur stað árið 2029. Kosning meðstjórnenda og varamanna aftur árið 2031.

formaður stjórnar Skjóls

varaformaður stjórnar Skjóls

fulltrúaráðsmenn

This image shows a blank sheet of white paper with horizontal ruling lines. The lines are evenly spaced and run across the width of the page. There are no margins, text, or other markings on the paper.